Snælandsskóli

Kópavogi 18.5.2022

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Bt. Óskars Þórs Ármannssonar
og Sunnu Viðarsdóttur
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík

Efni: Umbótaáætlun Snælandsskóla í Kópavogi 2018 – 2021 og 2021 - 2025.

Meðfylgjandi er uppfærð umbótaáætlun Snælandsskóla í Kópavogi sem byggð er á niðurstöðum Ytra mats Menntamálastofnunar og niðurstöðum úr Innra mati Snælandsskóla.

Virðingarfyllst

Magnea Einarsdóttir

Skólastjóri Snælandsskóla

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Umbótaáætlun 2018 – 2025

Umbótaáætlun 2018 – 2021 tekur mið af niðurstöðum Ytra mats Menntamálastofnunar sem framkvæmt var á vordögum 2018 í skólanum og niðurstöðum úr skýrslum stýrihópa skólans fyrir skólaárið 2017 – 2018. Umbótaáætlun er sett fram til þriggja skólaára í senn.

Helstu árhersluþættir hvers árs eru:

Skólaárið 2018 – 2019 er lögð áhersla á þá þætti sem skólastjórnendur geta breytt með aukinni nákvæmni eða uppfærslum. Sem dæmi má nefna uppfærslu starfsáætlunar og skólanámskrár auk uppfærslu skólaregla með nemendum og setningu bekkjarregla. Uppfærslu móttökuáætlunar fyrir starfsmenn og mats og kynninga á niðurstöðum prófa og greininga.

Lögð er áhersla á aukinn sýnileika stjórnenda og endurgjöf auk þess sem skólastjóri og deildarstjóri sérúrræða munu sækja námskeið um faglega forystu sem Kópavogsbær stendur fyrir. Þar er stefnt að því að unnin verði innleiðingaráætlun fyrir kennsluhætti 21. aldar sem taki gildi haustið 2019. Samtímis verði unnið að frekari undirbúningi með kennurum á skipulagsdögum og kennarafundum með umræðum og hugmyndavinnu.

Þetta skólaár verða kennsluáætlanir unnar í Mentor og unnið enn frekar með hæfniviðmið og birtingu á verkefnum nemenda þar. Aukin samvinna kennarar birtist í kennslu árganga í stað bekkja í nokkrum árgöngum og þverfaglegum verkefnum á unglingastigi.

Deildarstjóri sérúrræða mun standa fyrir áætlun um fyrirlögn kannana og skimana. Einnig munu móttökuáætlanir fyrir nemendur með sérþarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku verða uppfærðar.

Viðmið um samskipti foreldra og skóla verða send á hvert heimili í október. Komið verði á samtali foreldra og skólans og einnig mun skólinn standa fyrir kynningum á námsmati skólans.

Innramats teymi setur fram áætlun um innramat sem tekur til markmiða skólanámskrár og mati á námi og kennslu auk þess sem það stendur fyrir kynningu á niðurstöðum.

Ný markmið spjaldtölvuteymis verða kynnt í september og hrint í framkvæmd. Kennsluráðgjafi verður nýjum starfsmönnum sérstaklega innan handar.

Skólaárið 2019 – 2020 verður hafist handa við innleiðingu á breyttum kennsluháttum í anda 21. aldar og aðlögun stundaskrár að auknu vali nemenda í unglingadeild. Markmið þessara breytinga er aukin áhersla á kennsluhætti þar sem reynir á gagnrýna hugsun, þátttöku og samstarf. Auk þess sem fjölbreytni í skilum og námsaðlögun verði skýrari.

Skólaárið 2020 – 2021 verður umbótaáætlun uppfærð. Stórt skref hefur verið stigið í fjarkennslu og innleiðingu á notkun rafræns námsumhverfis. Veturinn hefur verið nýttur til áframhaldandi breytingar á kennsluháttum. Þar má nefna aukna vinnu með forvarnir, núvitund og samþættingu námsgreina. Aukin áhersla á sjálfstæði nemenda í námi. Sameiginleg ábyrgð kennara á árgöngum hefur aukist með áherslu á teymiskennslu.

Skólaárið 2021 – 2022 verður haldið áfram með innleiðingu nýs vinnufyrirkomulags í stundaskrám með innleiðingu Flæðisstunda, Frelsisstunda og sjálfstæðra vinnutíma. Markmiðið er að auka vinnu með áhugasvið nemenda, auka sjálfstæði í vinnubrögðum og bjóða upp á fjölbreytt þverfagleg þemu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Umbótaáætlun 2018 – 2021

Mats-þáttur	Tækifæri til umbóta	Tillögur	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Staða vor 2020
Stjórnun ✓	Jöfnun álags milli teymishópa og setja skýran ramma	Skipuð eru starfsteymi með skilgreinda verklýsingu og ábyrgð. Til að jafna álag verði regluleg tilfærsla á milli hópa a.m.k. á þriggja ára fresti.	Stjórnendur	Júní 2018	Ágúst 2018	Starfsmannaviðtöl.	Lokið
✓	Stjórnendur auki sýnileika á uppákomum, í kennslustundum og endurgjöf til kennara	Skólastjórnendur setji sér markmið um reglulegar heimsóknir í bekki auk þess sem viðvera þeirra á sýningum og uppákomum verði sett í forgang.	Stjórnendur	Okt. 2018	Skólalok	Starfsmannaviðtöl og starfsmannakönnun.	Lokið
✓	Skólastjórnendur efli faglega forystu á fundum og allir fundir séu boðaðir með dagskrá	Deildarstjórar efli faglega forystu með skýrri dagskrá funda, fundastjórn og fundargerð. Dagskrá kennara- og starfsmannafunda sé kynnt á töflu í kaffistofu.	Stjórnendur	Ágúst 2018	Skólalaok	Starfsmannaviðtöl og starfsmannakönnun.	Lokið
✓	Skólastjórnendur efli faglega forystu í skólastarfinu.	Skólastjóri og deildarstjóri sérúrræða sækja námskeið um faglega forystu. Unnin verði innleiðingaráætlun fyrir breytta kennsluhætti í anda kennsluhátta 21. aldar.	Skólastjóri	Sept. 2018	Júní 2019	Skólastjóri og deildarstjóri sérúrræða	Lokið
✓	Liðsheild starfsmanna efld með aukinni þátttöku almennra starfsmanna í teymisvinnu	Stuðningsfulltrúar og forstöðumaður í Frístund verði virkir þátttakendur í vinnuteymum.	Stjórnendur	Ágúst	Skólalok	Starfsmannaviðtöl og starfsmannakönnun.	Lokið
✓	Skólanámskrá og starfsáætlun verði uppfærðar með þátttöku starfsfólks	Ný drög verði lögð fyrir starfsmannafund til umræðu og ábendinga. Starfsáætlun 19. sept. Skólanámsskrá síðar. Skólanámskrá er endurskoðuð 4. hvert ár og stendur endurskoðun yfir nú í samstarfi við starfsfólk.	Stjórnendur	Sept. 2018 Nóv. 2018	Skólalok	Innramats teymi.	Lokið

Skjal sótt af 000000000000 dags. 11.11.2020

✓	Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn verði uppfærð	Áætlunin verður uppfærð með nýrri starfsáætlun í sept 2018. Endurskoðuð áætlun verður síðan borin undir starfsfólk á starfsmannafundi á vordögum 2019.	Stjórnendur	Jan. 2019	Lok skólaárs	Innramats teymi.	Lokið
✓	Meta niðurstöður námsmats og greininga og skrá hvernig brugðist er við.	Starfshópur um innra mat kynni í nóvember ár hvert niðurstöður samræmdra prófa og lesfimi fyrir kennurum. Einnig verði farið yfir tölfræði greininga til að átta sig á stöðunni. Viðbrögð verði ákveðin og skráð í samráði stjórnenda og kennara.	Stjórnendur og innramats teymi	Okt. 2018	Lok skólaárs	Framkvæmd metin í lok skólaárs af innramats teymi.	Lokið
✓	Unnið með óánægju foreldra með stjórnun skólans og fundað með stjórn foreldrafélags	Komið verði á samtali foreldra og skólans vegna stjórnunar skólans. Leitað verði aðstoðar frá Þekkingarmiðlun og niðurstöður nýttar til að bæta samskipti heimila og skóla	Stjórnendur og skólaráð			Foreldrakönnun	Lokið
✓	Vinna að bættum samskiptum heimila og skóla	Farið verði yfir samskiptareglur heimila og skóla og þær uppfærðar og sendar heim í tengslum við foreldraviðtöl. Jafnframt verði sendar upplýsingar um hvernig og hvert beri að tilkynna einelti. Fundað verði með stjórn foreldrafélags. Mánaðarlega sendi stjórnendur fréttabréf til heimilanna. Föstudagspóstar fari vikulega frá öllum umsjónarkennurum.	Stjórnendur og skólaráð. Olweusar-teymi og ritari	Okt. 2018	Skólalok 2018	Foreldrakönnun	Lokið
✓	Kynningar á kennsluáætlunum, námsmati og námsframvindu á Mentor	Kynning á kennsluáætlunum, námsmati og birtingu námsmats fari fram á námskynningum að hausti hjá kennurum hvers árgagns. Einnig verði bent á kennslumyndbönd hjá Mentor. Kennsluáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans.	Stjórnendur og umsjónar-kennarar	Sept. 2019		Foreldrakönnun	Lokið
✓	Unnið verði með foreldrum og nemendum að reglum eða tilmælum um	Tækifæri verði skapað svo foreldrafélagið geti rætt og sett ramma um rafræna notkun nemenda heima fyrir. Foreldrum	Skólaráð og skóla-stjórnendur	19. jan	Skólalok	Foreldrakönnun	Lokið

Skjal sótt af 000000000000 dags. 11.11.2026

	notkun á spjaldtölvum heima fyrir.	verði jafnframt kynntar leiðbeiningar á vef spjaldtölvuteymis Kópavogsbæjar.					
✓	Unnið verði að því að gera foreldrum auðveldara að kynna sér framgang náms og heimanáms. Reglulega verði kynnt hvar upplýsingar er að finna.	Kennarar fái kynningu á Google Classroom sem gefur möguleika á sjálfvirku upplýsingaflæði til foreldra. Ritari skólans sendi í upphafi hverrar annar upplýsingar um hvernig nálgast megi upplýsingar á heimasíðu og Mentor.	Stjórnendur, spjaldtölvu-teymi og ritari.	Jan. 2019		Innramats teymi	Lokið
Nám og kennsla	Val nemenda verið aukið með hliðsjón af viðmiðunartíma aðalnámskrár	Skólastjórnendur endurskoði viðmiðunarstundaskrá skólans með tilliti til þess að auka val nemenda og tilskilinn tíma í list- og verkgreinum á unglingastigi.	Stjórnendur og kennarar á unglingastigi	Skóla-árið 2018-2019	Lok skólaárs 2019	Innramats teymi	Lokið
✓	Forföll í unglingadeild verði leyst með afleysingu eða togi eins og mögulegt er.	Skólastjórnendur leitist við að leysa öll forföll í skólastarfinu.	Skóla-stjórnendur og kennarar.	Ág. 2018		Innramats teymi	Lokið
✓	Leitast verði við að lágmarka tíma í ferðir á milli íþróttahúss og skóla	Kennarar sameinist um að nýta allan kennslutíma sem best.	Kennarar	Ág. 2018		Starfsmanna-samtöl	Lokið
✓	Unnin verði samantekt á því hvað gert er til að tryggja góðan skólabrag	Skólastjórnendur, kennarar og nemendur vinni efni í samantekt sem birt verði í starfsáætlun. Kennarar skólans sækja námskeið hjá KVAN er nefnist verkfærakista til að styðja og bæta skólabrag.	Skóla-stjórnendur, kennarar og nemendur	Jan. 2019	Skólalok 2019	Innramats teymi	Lokið
✓	Yfirfara skólareglur í samráði við nemendur	Umsjónarkennarar yfirfari skólareglur með nemendum og í framhaldi af því verði farið yfir skólareglur með fulltrúum í nemendaráði.	Umsjónar-kennarar og stjórnendur	Sept. 2018	Lok skólaárs	Innramats teymi.	Lokið
✓	Yfirfara bekkjarreglur í samráði við nemendur	Umsjónarkennarar hvers bekkjar semji og yfirfari bekkjarreglur með sínum bekk í september mánuði ár hvert. Gerður verði spjaldtölvusáttmáli.	Umsjónar-kennarar	Sept. 2018	Lok skólaárs	Innramats teymi.	Lokið

Skjal sótt af 0000000000 dags. 11.11.2020

✓	Þverfagleg lokaverkefni á unglingastigi	Kennarar á unglingastigi skipti með sér verkstjórn og utanumhaldi fyrir sjálfvalin verkefni nemenda sem kynnt verði í lok skólaárs. Verkefnin verði undirbúin á haustönn og komið í framkvæmd við upphaf vorannar.	Umsjónar-kennarar á unglingastigi	Okt. 2018	Lok skólaárs 2020	Deildarstjóri og kennarar á unglingastigi. Sjálfsmat unglinga.	Lokið
✓	Unnið með samstarf kennara	Umsjónarkennarar hvers árgangs hafi með sér samstarf um undirbúning kennslu og vinnu með árgang. Teymiskennsla þar sem henni verður við komið. Stuðlað verði að aukinni teymiskennslu með opnun á milli kennslustofa og fræðslu um kennsluhætti 21. aldar, sameiningu bekkja í árganga og uppbyggingu stundaskrár á þann hátt að auðvelt sé að blanda og mynda hópa innan árgangs.	Allir kennarar	Ág. 2018	Lok skólaárs	Starfsmanna-samtöl.	Lokið
✓	Gæta að markvissu upphafi kennslustunda og mætingu nemenda	Kennarar gæti þess að vera til staðar við upphaf kennslustunda og gæti þess að skrá mætingar nákvæmlega fyrir hverja kennslustund.	Allir kennarar	Ág. 2018	Lok skólaárs	Starfsmanna-samtöl.	Lokið
✓	Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum kennslustunda	Kennarar gæti þess að sýnileg markmið verði nemendum til leiðsagnar við upphaf kennslustunda.	Umsjónar-kennarar	Ág. 2018	Lok skólaárs	Starfsmanna-samtöl. Nemenda-könnun.	Lokið
✓	Gera hæfniviðmið og viðmið um árangur sýnilegri	Kennarar gæti þess að nemendum sé alltaf ljóst hvaða hæfniviðmið sé verið að meta hverju sinni við upphaf kennslu. Jafnframt verði mat á hæfniviðmiðum gert sýnilegt á Mentor jafnóðum og metið er.	Allir kennarar	Sept. 2018	Lok skólaárs	Kennsluáætlanir og mat í kennslu-stundum. Nemenda-könnun.	Lokið
✓	Efla notkun og kynningu á kennsluáætlunum	Kennsluáætlanir verði markvisst nýttar til að kynna markmið kennslustunda. Þær verði birtar á heimasíðu og afhentar nemendum rafrænt.	Allir kennarar	Sept. 2018 / jan 2019	Lok skólaárs	Mat í kennslu-stundum. Nemenda-könnun.	Lokið

Skjal sótt af 000000000000.is/gs. 11.11.2020

✓	Efla kennsluhætti þar sem reynir á rökhugsun, gagnrýna hugsun, samstarf og skoðanaskipti nemenda	Kennarar vinni markvisst að breyttum kennsluháttum í anda kennsluhátta 21. aldar. Námskeið verði haldið 19. nóvember með umræðu um breytta kennsluhætti. Hugað verði að skólaheimsókn 19. mars.	Allir kennarar og stjórnendur	Ág. 2019	Lok skólaárs 2021	Starfsmanna-samtöl og mat á kennslu-áætlunum og í kennslu-stundum. Nemenda-könnun.	Lokið
✓	Vísa meira til markmiða náms og efla þátttöku nemenda við að setja sér markmið í námi	Nemendur setji sér markmið í tengslum við frammistöðumat.	Allir kennarar	Ág. 2019	Lok skólaárs 2021	Starfsmanna-samtöl og foreldraviðtöl. Nemenda-könnun.	Lokið
✓	Efla sjálfsmat nemenda og kenna þeim að meta eigin framfarir	Sjálfsmat og jafningjamat verði reglulegur þáttur í námi og kennslu. Nemendur meta sig nú út frá lykilhæfni í námsmati á annarskilum.	Allir kennarar	Ág. 2019	Lok skólaárs 2021	Starfsmanna-samtöl.	Lokið
✓	Skipuleggja kennslu með samvinnu nemenda í huga.	Kennarar leggi áherslu á fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsverkefni, para- og hópverkefni.	Allir kennarar	Ág. 2018	Lok skólaárs 2021	Starfsmanna-samtöl. Nemenda-könnun.	Lokið
✓	Auka sýnileika námsmats á Mentor og vinna markvisst úr niðurstöðum samræmdra prófa.	Kennarar fylli út mat á hæfniviðmiðum í Mentor og birti foreldrum. Kennarar í list- og verkgreinum geri tilraunir með að setja inn verkefni nemenda. Kennarar setji inn eitt verkefni fyrir áramót. Innramats teymi kynni niðurstöður samræmdra prófa þegar þær berast.	Allir kennarar	Okt. 2018	Áramót 2019	Innramats teymi	Lokið
✓	Gera námsaðlögun sýnilega í kennsluáætlunum og kennslustundum og gera betur grein fyrir grunnþáttunum í hverju fagi.	Kennarar gæti þess að bjóða upp á mismunandi verkefni sem koma til móts við ólíka getu og þarfir nemenda og að nemendur geti átt val um ólíkar útfærslur. Stundaskrá nemenda er nú útfærð með kennslustundum þar sem nemendur velja sér verkefni tengd áhugasviði, einnig eru stundir þar sem þeir hafa frjálst val um	Allir kennarar	Ág. 2019	Lok skólaárs 2021	Kennsluáætlanir og mat á kennslu. Nemenda-könnun.	Lokið

Skjal sótt af 000000000000 dags. 11.11.2020

		sjálfstæða vinnu undir handleiðslu kennara. Ferðakerfi hefur verið tekið upp í einstökum námsgreinum.					
✓	Þó meirihluta nemenda líði vel þarf að huga að hvað veldur að svo sé ekki hjá öllum.	Kennarar skólans fylgist vel með sínum nemendum og komi upplýsingum til foreldra og leiti hjálpar frá stoðkerfi skólans þegar á bjátar hjá nemendum. KVAN verkfærakistan. Tveir nýir Olweus leiðtogar hefja verkefnisstjóranámskeið.	Allir starfsmenn	Ág. 2018	Lok skólaárs 2021	Olweus og skólapúlsinn.	Lokið
✓	Gera áætlun um kannanir og skimanir, skrá hvernig brugðist er við niðurstöðum og hver eru viðmið um árangur.	Gerð verði áætlun um þær kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir reglulega og birt í starfsáætlun. Skráð verði hvernig brugðist er við og hvaða viðmið liggja til grundvallar.	Deildarstjóri sérkennslu	Haust 2018	Lok skólaárs	Innramats teymi.	Lokið
✓	Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir	Gerð verði móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir og birt í starfsáætlun.	Deildarstjóri sérkennslu	Haust 2018	Lok skólaárs	Innramats teymi.	Lokið
✓	Uppfæra móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku	Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál verði uppfærð og birt í starfsáætlun.	Deildarstjóri sérkennslu	Haust 2018	Lok skólaárs	Innramats teymi.	Lokið
Spjald-tölvur og heima-síða ✓	Stefna spjaldtölvuteymis verði kynnt og komið í framkvæmd	• Appspjöld og notkun þeirra • Forritun á yngsta stigi • Osmo stöðvavinna • Samræmd vinnubrögð í uppsetningu verkefna í spjaldtölvum • Efling sköpunar og samvinnu • Verkefnabanki í Mentor • Handritsgerð fyrir videotökur • Snillismiðja (Makerspace) • Kynningarfundir fyrir foreldra 2.11. 2018 og 29.3. 2019.	Spjaldtölvu-teymi og kennarar	Sept. 2018	Skólalok	Starfsmanna-samtöl og innramats teymi.	Lokið

Skjal sótt af 000000000000 dags. 11.11.2020

✓	Stigið verði í auknum mæli út fyrir ramma hefðbundinna námstækifæra til að efla sköpunarþáttinn. Skipuleggja kennslu með meiri samvinnu nemenda um nám.	Komið verði upp Snillismiðju (maker space) í tölvuveri til að gefa nemendum tækifæri til skapandi vinnu og forritunar í auknum mæli. Þemaverkefni unglingadeildar þjóna einnig þessum tilgangi ásamt því að gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu.	Spjaldtölvu-teymi og allir kennarar	Ág. 2018	Til loka skólaárs 2021	Innramats teymi	Lokið
✓	Nýta möguleika tækninnar til að laga nám betur að mismunandi þörfum nemenda.	Sérstaklega verði hugað að fræðslu fyrir sérkennslu og að nemendur með sérþarfir fái aðlagað námsefni með aukinni notkun á talgerflum. Nemendur fái aukið val um hvernig þeir skili verkefnum.	Spjaldtölvu-teymi og kennarar	Ág. 2018	Lok skólaárs 2021	Innramats teymi	Lokið
✓	Uppfæra reglulega heimasíðu varðandi upplýsingar um skólaráð og foreldrafélag	Ritari skólans fylgist með því að heimasíða birti réttar upplýsingar hverju sinni.	Umsjónar-maður heimasíðu og ritari skólans	Ág. 2018	Lok skólaárs	Innramats teymi	Lokið
✓	Skólanámskrá verði sýnilegri á heimasíðu og uppfærð reglulega á 4 ára fresti.	Kynning á skólanámskrá verði sýnileg á heimasíðu skólans	Umsjónar-maður heimasíðu	Ág. 2018	Lok Skólaárs	Innramats teymi	Lokið
✓	Markmið og áætlun spjaldtölvuverkefnis verði sýnilegri á heimasíðu. Kynna fyrir foreldrum hvað gögn er verið að nota. Gera betur grein fyrir hvernig tæknin er nýtt til að ná markmiðum náms, ekki bara setja fram nöfn á forritum eða verkfærum.	Kynning á markmiðum spjaldtölvuverkefnisins verði gerð áberandi á heimasíðu skólans. Kynningar verða einu sinni á önn á þeim markmiðum sem unnið er að og þeim forritum og gögnum sem nemendur eru að vinna með.	Umsjónar-maður heimasíðu	Ág. 2018. Kynn. 2. nóv 2018 og 29.3. 2019	Lok skólaárs	Innramats teymi	Lokið

Skjal sótt af 000000000000 dags. 11.11.2020

✓	Hlekkur fyrir innra mat á heimasíðu	Komið verði upp hlekk fyrir innra mat á heimasíðu skólans	Umsjónar-maður heimasíðu	Ág. 2018	Lok skólaárs	Innramats teymi	Lokið
✓	Haldin verði námskeið í Google forritum og notkun appspjalda fyrir kennara.	Haldin verði örnámskeið á skólatíma þar sem mismunandi öpp eru kynnt. Kennarar eru hvattir til að nýta Menntabúðir grunnskóla Kópavogs til fræðslu.	Spjaldtölvu-teymi	Okt. 2018	Lok skólaárs	Innramats teymi	Lokið
✓	Ytri ráðgjöf verði skipulögð með þarfir nýrra starfsmanna í huga og hugað að af hverju hún er ekki talin nýtast til fulls.	Kennsluráðgjafar verði nýttir til námskeiða fyrir nýja kennara. Kennsluráðgjafar vinni undir stjórn skólastjóra.	Skólastjóri og spjaldtölvu-teymi	Sept. 2018	Lok skólaárs	Starfsmanna-samtöl	Lokið
✓	Fræðsla til nemenda um netöryggi og fíknihegðun varðandi skjánotkun/ spjaldtölvunotkun til að gefa því gaum að möguleikar spjaldtölvunnar til annars en náms getur náð tökum á nemendum.	Fengin verði fræðsluerindi um net- og fíknihegðun. Hugað verði að hvernig netnotkun getur náð tökum á einstökum nemendum.	Skólastjóri og spjaldtölvu-teymi	Nóv. 2018	Lok skólaárs	Innramats teymi	Lokið
✓	Gefa því gaum að viðmót forrita í spjaldtölvum er oft á ensku.	Kennarar verði hvattir til að huga að málnotkun sinni og nota íslensk hugtök og öpp þegar því verður við komið.	Spjaldtölvu-teymi	Nóv. 2018		Innramats teymi	Lokið
Innra mat	Unnin verði langtímaáætlun fyrir innramat sem sýnir að allir helstu þættir starfsins og markmið skólanámskrár séu metnin reglulega. Unnin verði nákvæm	Innramatsteymi skólans setji upp áætlun fyrir innramat sem byggi á skólanámskrá, grunnþáttum aðalnámskrár og markmiðum náms.	Innramats teymi	2018 - 2019		Innramats teymi	Lokið

Skjal sótt af 000000000000 dags. 11.11.2026

	matsáætlun fyrir hvert skólaár sem sýnir hvaða þættir eru metnir, hvenær, hver ber ábyrgð og hvaða markmiðum þeir tengjast og viðmið um árangur. Meta markmið skólanámskrár markvisst og reglulega og skilgreina viðmið um árangur.						
✓	Huga að mati á námi og kennslu. Greining á árangri og framförum nemenda þar með taldar niðurstöður samræmdra prófa.	Greiningargögn hvers árs auk niðurstaðna á samræmdum prófum verði tekin saman og kynnt kennurum til yfirferðar og umræðu. Gerð verði áætlun um hvað megi betur fara hverju sinni.	Skólastjóri ásamt deildarstjóra sérúrræða	Haustönn 2018	Skólalok 2019	Innramats teymi	Lokið
✓	Kynning á niðurstöðum Innra mats fyrir nemendum og hugað að því að foreldrar eigi fulltúa í matsteymi skólans.	Auglýst er eftir fulltrúa foreldra til að taka þátt í starfi innramatsteymis.	Skólastjóri	Sept. 2018		Innramats teymi	Lokið
✓	Huga að því að efla samræður um umbætur á meðal hagsmunaaðila.	Í skólaráði eiga fulltrúar hagsmunaaðila sína fulltrúa og þar á sér reglulega stað umræða um það sem betur má fara í umhverfi skólans og samskiptum skólans við heimilin. Á opnum fundi skólaráðs í janúar verði umræða um reglur og rafrænan útivistartíma nemenda heima fyrir.	Skólastjóri og skólaráð	Jan. 2019		Innramats teymi	Lokið
	Hugað verði að hvernig leysa megi skort á húsnæði og	Skólatjórnendur komi á framfæri við Kópavogsbæ áhyggjum vegna aðstöðuleysis og óheppilegs húsnæðis í skólanum. Nefnd er að störfum sem	Skóla-stjórnendur og húsnæðis-teymi	Haustönn 2018	Lok skólaárs 2021	Innramats teymi	Reglulega gert og töluverðar endurbætur hafa orðið. En

Skjal sótt af 000000000000 dags. 11.11.2026

	bæta aðstöðu á skólalóð.	þegar hefur gert tillögur að úrbótum á skólalóð og hafist hefur verið handa við að endurbætur á hluta lóðarinnar. Unnið var að endurbótum síðasta vor og sumarið 2022 verður haldið áfram samkvæmt fyrri áætlun og battavelli bætt við lóðina.	Kópavogs-bæjar				betur má ef duga skal.
✓	Fylgja umbótum eftir kerfisbundið	Innramats teymi skólans fundi reglulega yfir skólaárið og fari yfir hvað hefur verið gert og geri viðeigandi ráðstafanir ef eitthvað út af ber	Stjórnendur og innramats teymi	Haustönn 2018	Lok skólaárs 2019	Innramats teymi	Lokið

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Framkvæmdaáætlun fyrir umbótaáætlun 2022 - 2025

	2022 - 2023	2023 - 2024	2024 - 2025
ágúst / sept	Unnið að umbótaáætlun vetrar. Unnið að áætlun um úrbætur út frá niðurstöðum starfsmannakönnunar Skólapúlsins, könnun öryggisnefndar og starfsmannakönnunar Kópavogsbæjar. Endurunnin starfsáætlun lögð fram. Ný starfsþróunaráætlun tekur gildi með áherslu á leiðsagnarnám og teymiskennslu. Olweusarfundur. Eineltisáætlun kynnt fyrir nýjum starfsmönnum. Teymi hefja störf. Kennsluáætlunum skilað og settar á heimasíðu. Samskiptaáætlun kynnt foreldrum. Skólareglur endurskoðaðar með kennurum og nemendum og viðmið um ófullnægjandi skólasókn kynnt. Skólapúls nemendakönnun. Skólakynning fyrir hvern árgang fyrir sig. Fundur í skólaráði.	Unnið að umbótaáætlun vetrar. Unnið að áætlun um úrbætur út frá niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins, könnun öryggisnefndar og starfsmannakönnunar Kópavogsbæjar. Endurunnin starfsáætlun lögð fram. Ný starfsþróunaráætlun tekur gildi. Olweusarfundur. Eineltisáætlun kynnt fyrir nýjum starfsmönnum. Teymi hefja störf. Kennsluáætlunum skilað og settar á heimasíðu. Fundur í skólaráði. Skólapúls nemendakönnun. Samskiptaáætlun kynnt foreldrum. Farið yfir skólareglur með nemendum og viðmið um ófullnægjandi skólasókn kynnt. Skólakynningar fyrir hvern árgang fyrir sig.	Unnið að umbótaáætlun vetrar. Unnið að áætlun um úrbætur út frá niðurstöðum starfsmannakönnunar Skólapúlsins, könnun öryggisnefndar og starfsmannakönnunar Kópavogsbæjar. Endurunnin starfsáætlun lögð fram. Ný starfsþróunaráætlun tekur gildi. Olweusarfundur. Eineltisáætlun kynnt fyrir nýjum starfsmönnum. Teymi hefja störf. Kennsluáætlunum skilað og settar á heimasíðu. Skólapúls nemendakönnun. Samskiptaáætlun kynnt foreldrum. Farið yfir skólareglur með nemendum og viðmið um ófullnægjandi skólasókn kynnt. Skólakynningar fyrir hvern árgang fyrir sig. Fundur í skólaráði.
okt.	Fundur í skólaráði Olweusarfundur.	Fundur í skólaráði Olweusarfundur.	Fundur í skólaráði Olweusarfundur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

	Samráðsfundir leikskóla og kennara í 1. bekk. Starfsmannasamtöl almennra starfsmanna	Samráðsfundur leikskóla og kennara í 1. bekk. Starfsmannasamtöl almennra starfsmanna	Samráðsfundur leikskóla og kennara í 1. bekk. Starfsmannasamtöl almennra starfsmanna
nóv.	Fundur í skólaráði Nem. könnun í Olweus Nem. könnun í skólapúlsinum	Fundur í skólaráði Nem. könnun í Olweus Nem. könnun í skólapúlsinum	Fundur í skólaráði Nem. könnun í Olweus Nem. könnun í skólapúlsinum
des.	Fundur í skólaráði	Fundur í skólaráði	Fundur í skólaráði
jan.	Opinn fundur skólaráðs Nem. könnun í skólapúlsinum Skil á kennsluáætlunum	Opinn fundur skólaráðs Nem. könnun í skólapúlsinum Skil á kennsluáætlunum	Opinn fundur skólaráðs Nem. könnun í skólapúlsinum Skil á kennsluáætlunum
feb.	Fundur í skólaráði Óskalistar vegna kennslu næsta vetrar Foreldrakönnun í Skólapúlsinum	Fundur í skólaráði Óskalistar vegna kennslu næsta vetrar Starfsmannakönnun í Skólapúlsinum	Fundur í skólaráði Óskalistar vegna kennslu næsta vetrar Foreldrakönnun í Skólapúlsinum
mars	Fundur í skólaráði Skólapúls nemendakönnun	Fundur í skólaráði Skólapúls nemendakönnun	Fundur í skólaráði Skólapúls nemendakönnun
apríl	Fundur í skólaráði Starfsmannasamtöl	Fundur í skólaráði Starfsmannasamtöl	Fundur í skólaráði Starfsmannasamtöl
maí	Fundur í skólaráði Niðurstöður skólapúls og foreldrakönnunar Unnið að umbótum fyrir næsta skólaár	Fundur í skólaráði Niðurstöður skólapúls og starfsmannakönnunar Unnið að umbótum fyrir næsta skólaár	Fundur í skólaráði Niðurstöður skólapúls og foreldrakönnunar Unnið að umbótum fyrir næsta skólaár
júní	Vinnuteymi skila skýrslum og gera upp veturinn Fundur í skólaráði	Vinnuteymi skila skýrslum og gera upp veturinn Fundur í skólaráði	Vinnuteymi skila skýrslum og gera upp veturinn Fundur í skólaráði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026